

Ræða Brynjólfs Bjarnasonar

Aðalfundur Arion banka 13. mars 2024

Fundarstjóri, ágætu hluthafar og gestir.

Eftir nokkuð kröftugan hagvöxt tók að hægja á vexti í íslensku hagkerfi á árinu 2023. Segja má að eitt helsta verkefni ársins hafi verið að ná niður verðbólgu sem engin bönd virtust halda. Seðlabankinn hækkaði vexti ítrekað og stóðu stýrivextir í árslok í 9,25%, sem hefur komið illa við heimilin og fyrirtækin í landinu. Það var því jákvætt þegar hægja tók á hagvexti, einkaneyslu og umsvifum almennt á árinu, í takt við markmið Seðlabankans. Að auki er óhætt að segja að eldgos og jarðhræingar á Reykjaneskaga hafi sett mark sitt á árið – og geri enn. Ef að líkum lætur þá verða jarðhræingar á Reykjanesi hluti af tilveru okkar Íslendinga næstu ár og jafnvel áratugi en sem betur fer búum við vel þegar kemur að reynslu og þekkingu vísindafólks á þessu sviði enda hafa eldgos verið nokkuð tíð síðustu áratugin. Minni umsvif í hagkerfinu og hátt vaxtastig hafa eðlilega haft áhrif á rekstur bankans en hann gekk engu að síður mjög vel á árinu. Bankinn stendur sterkur í lok árs með 24,1% eiginfjárhlutfall. Eigið fé bankans nam 199 milljörðum króna í árslok og námu endurkaup og arðgreiðslur til hluthafa 12,4 milljörðum króna á árinu.

Ágætu fundargestir, eins og fram hefur komið í tilkynningu hef ég ákveðið að gefa ekki kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu í Arion. Eftir að hafa setið í stjórn bankans í áratug tel ég rétt að láta staðar numið.

Það hefur verið afar ánægjulegt að taka þátt í vegferð bankans og ég er stoltur af stöðu bankans og árangri. Arion banki er sterkt fyrirtæki og til fyrirmyndar á fjölmörgum sviðum að mínu mati. Fyrirtækið hefur á að skipa breiðum hópi öflugs starfsfólks og stjórnenda sem ég hef haft mikla ánægju af að kynnast og vinna með.

Með leyfi fundargesta langar mig aðeins að minnast á nokkra hluti sem bankinn hefur áorkað á síðustu árum sem ég er sérstaklega ánægður með. Og mig langar einnig að nýta tækifærið og fá að fara yfir nokkur atriði sem valda mér áhyggjum.

En byrjum á því sem við erum hvað stoltust af.

Þar ber auðvita hæst sú staðreynd að við höfum náð góðri arðsemi í rekstri Arion með aukinni skilvirkni og fjölbreyttri fjármálaþjónustu bankans og dótturfélaga í takt við þarfir okkar viðskiptvina, á mjög krefjandi mörkuðum og í samkeppni sem kemur úr mörgum áttum.

Arðsamur rekstur

Við höfum á síðustu árum tekið markviss skref til að auka skilvirkni í starfsemi bankans og má segja að þær skipulags- og stefnubreytingar, sem ráðist var í undir lok árs 2019, hafi markað viss tímamót á þeirri vegferð. Breytingarnar tóku mið af þeim styrkleikum og því hugarfari sem einkennt hefur Arion banka og fyrirrennara hans. Þær fólu því ekki í sér að kollvarpa stefnu bankans heldur fremur í því að skerpa sýnina þegar kemur að styrkleikum okkar og hefð. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa og hefur arðsemi Arion banka síðustu þrjú ár verið yfir 13% arðsemismarkmiði okkar og bankinn skilað meiri arðsemi eigin fjár en helstu keppinautar. Þessi góði árangur hefur orðið til þess að síðustu þrjú ár hefur Arion banki verið útnefndur banki ársins á Íslandi af hinu virta fjármálatímariti *The Banker*, sem gefið er út af *The Financial Times*.

Fjölbreytt fjármálaþjónusta

Eitt af því sem við höfum lagt áherslu á undanfarin ár er að breikka vöruframboð bankans með því að samþætta betur þjónustu Arion banka og Varðar trygginga, dótturfélags bankans, en fyrir var sjóðastýringarfyrirtækið Stefnir mikilvægur þáttur í þjónustuframboði okkar. Kostir þessa eru annars vegar heilsteypara þjónustuframboð fyrir fjölskyldur, fyrirtæki og fjárfesta og hins vegar fjölbreyttari tekjumyndun bankans. Breið tekjumyndun felur í sér vörn gegn sveiflum í spurn eftir einstaka þjónustupáttum og er því skilvirk áhættustýring.

Leiðandi í fyrirtækjaþjónustu

Við höfum á síðustu árum jafnframt náð fram aukinni samlegð í fyrirtækjaþjónustu okkar en það var einmitt markmiðið með sameiningu

fyrirtækjasviðs bankans og fjárfestingarbankasviðs á árinu 2019. Lykillinn að bættri fyrirtækjaþjónustu felst í aukinni samvinnu sérfræðinga okkar á því sviði, ekki aðeins sérfræðinga innan fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs heldur einnig innan annarra sviða bankans og hjá dótturfélögum okkar, Verði og Stefni. Náið samstarf banka og tryggingafélags þegar kemur að fyrirtækjategyggingum er skref sem ekki hefur verið stigið áður hér á landi og hefur skilað okkur miklum árangri.

Óhætt er að segja að þessar breytingar á sviði fyrirtækjaþjónustu hafi skilað margvíslegum árangri. Meðal annars hefur Arion banki undanfarin ár verið í sérflokki þegar kemur að nýskráningum í kauphöll. Á síðasta ári kom bankinn að skráningu Arnarlax, Hampiðjunnar, Kaldalóns og Ísfélagsins og ef horft er til síðustu tíu skráninga í kauphöll þá hefur Arion banki komið að níu þeirra.

Árangur á krefjandi mörkuðum

Arion banki hefur nú átta ár í röð verið í fyrsta sæti þegar kemur að hlutdeild á hlutabréfamarkaði Nasdaq Iceland. Var bankinn með tæplega 20% af heildarveltu hlutabréfamarkaðarins á árinu 2023. Bankinn var einnig með mestu hlutdeild markaðsaðila á First North markaðnum, 24,9%, og næstmestu veltu markaðsaðila á skuldabréfamarkaði Nasdaq Iceland.

Við sjáum einnig jákvæða þróun hvað varðar spurn eftir þjónustu okkar á sviði lífeyrismála. Við höfum undanfarin ár lagt mikla áherslu á að gera lífeyrismál viðskiptavina okkar aðgengileg í Arion appinu og gefa þeim þannig aukna yfirsýn yfir þennan mikilvæga þátt fjármála og fjárhagslegs heilbrigðis. Auk þess að fá góða yfirsýn yfir lífeyrissparnað í appinu geta viðskiptavinir nú gert samning um lífeyrissparnað ásamt því að framkvæma allar helstu aðgerðir á einfaldan hátt. Fjöldi nýrra samninga um viðbótarlífeyrissparnað í appinu á árinu 2023 var vel umfram væntingar okkar.

Eignir í stýringu hjá Arion banka námu í árslok um 1.383 milljörðum króna og jukust um 85 milljarða á árinu.

Best í að mæta þörfum viðskiptavina okkar

Á árinu settum við okkur þá skýru framtíðarsýn að verða best í að mæta þörfum viðskiptavina okkar. Við viljum vera leiðandi fyrirtæki og drifkraftur árangurs viðskiptavina okkar og samfélagsins alls. Við viljum verða fyrsti kostur einstaklinga, fyrirtækja og fjárfesta. Reyndar er það oft svo að einn og sami einstaklingur gegnir öllum þessum hlutverkum; er í senn hluti af fjölskyldu og fyrirtæki og stundar fjárfestingar. Þannig viljum við mæta fjölbreyttum þörfum athafnasamra einstaklinga betur en keppinautar okkar gera og þar gegnir fjölbreytni þjónustunnar og greitt aðgengi að henni lykilhlutverki.

Í raun eru ekki mörg fjármálafyrirtæki í Evrópu sem bjóða jafn fjölbreytta fjármálaþjónustu og Arion banki og dótturfélög gera, hvað þá ef horft er til þess hluta þjónustunnar sem nú stendur viðskiptavinum okkar til boða í gegnum stafrænar þjónustuleiðir. Viðskiptavinir geta sinnt nær öllum daglegum fjármálum í appinu og netbanka og auk þess skipulagt sparnað, haft yfirsýn yfir lífeyrismálin og stundað verðbréfaviðskipti. Ein nýjasta viðbótin í appinu felst einmitt í því að nú er auðvelt fyrir þau sem eru í fyrirtækjarekstri að skipta á milli sýnar á persónulegu fjármálin annars vegar og fjármál fyrirtækisins hins vegar.

Samkeppnishæfni byggð á breiðum grunni

Umhverfi fjármálafyrirtækja er síkvíkt. Samkeppnin kemur úr ýmsum áttum, bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Hér á landi hafa ný fjármálafyrirtæki skotið upp kollinum í netheimum og náð eftirtektarverðum árangri. Það getur verið flókið fyrir rótgróinn banka að bregðast við slíkri samkeppni en við erum þó sannfærð um að fjölbreytt þjónustuframboð okkar og sá árangur sem við höfum náð á sviði stafrænnar þjónustu skili sér í sterkri samkeppnisstöðu. Um 190 þúsund einstaklingar eru í viðskiptasambandi við Arion banka og dótturfélög og er markmið okkar að nýta þessa styrkleika til að efla sambandið enn frekar í allra þágu.

Sjálfbær verðmætasköpun

Á árinu 2023 skilgreindum við hlutverk okkar sem er að liðsinna þeim sem vilja ná árangri á Íslandi og víðar á norðurslóðum með snjöllum og traustum fjármálalausnum sem efla fjárhagslegt heilbrigði og stuðla að

sjálfbærri verðmætasköpun. Við viljum vera traustur samstarfsaðili og hafa jákvæð áhrif á það samfélag sem við störfum í og umhverfi okkar og loftslag.

Tvö matsfyrirtæki taka út frammistöðu okkar á sviði sjálfbærni enda er okkur umhugað um að vera í fremstu röð í þeim eignum. Sem fyrr fékk bankinn mjög góða einkunn frá alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainalytics sem setur okkur í topp 3% á heimsvísu. Einnig gaf íslenska matsfyrirtækið Reitun okkur, þriðja árið í röð, hæsta stigafjölda sem félagið hefur gefið, 90 stig af 100 mögulegum. Er þetta sérstaklega ánægjulegt þar sem bæði þessi fyrirtæki gera sífellt strangari kröfur. Sjálfbærni er í dag formlega hluti af stjórnskipulagi bankans og fellur undir ábyrgðarsvið stjórnar og bankastjóra.

En eins og ég áður sagði eru líka hlutir sem valda mér áhyggjum í starfsumhverfi bankans – og já, í starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi almennt – en það er sístækkandi og íþyngjandi hlutverk eftirlitsiðnaðarins.

Allsstaðar í atvinnulífinu þarf að vera skýrt regluverk og eftirfylgni, en í öllum grundvallaratriðum snýst atvinnurekstur um að koma til móts við þarfir viðskiptavina með vörum eða þjónustu og ná að veita þá þjónustu á sem skilvirkastan og kostnaðarminnstan máta.

Orka starfsfólks á að miða að þessu.

Staðan á síðustu árum er þó orðin þannig að stór hluti tíma starfsfólks fer í að sinna æ meira íþyngjandi eftirlitsreglum og skýrslugerð til sívaxandi eftirlitsstofnana, þar sem engin takmörk virðast vera á útpennslu. Maður fær jafnvel á tilfinninguna að starfsfólk þessara stofnanna þurfi að sanna tilvist sína með sífellt meiri kröfum um skýrslur og eftirlit. Og svo virðast sömu reglur ekki alltaf eiga við um þær stofnanir sem krefjast þess af okkur að fara að reglum, sbr. nýlega umræðu um bónusgreiðslur til starfsfólks eftirlitsaðila. En um fjármálafyrirtæki gilda mjög skýrar reglur þar sem starfsfólki eftirlitseininga þeirra er óheimilt að þiggja bónusgreiðslur. Slíkur tvískinnungur, og því miður oft á tíðum neikvæð nálgun á atvinnustarfsemi, elur á sundrunu og jafnvel óvild milli fyrirtækja og eftirlitsaðila, í stað þess

að vinna saman að því að halda rekstri heilbrigðum og innan allra reglna. Minna skal á að allar þessar opinberu stofnanir eru reknar á framlögum okkar með skattgreiðslum.

Sem dæmi þá hefur starfsemi FME aukist gríðarlega. Þannig voru um 4.500 manns starfandi í fjármálageiranum árið 2005 og starfsfólk FME taldi þá 35 einstaklinga, eða um 1 starfsmann á hverja 128 starfsmenn í greininni. Kostnaður við eftirlitið það ár nam um 330 m.kr eða tæpum 10 m.kr á hvern starfsmann eftirlitsins.

Á síðastliðnu ári má ætla að í fjármálakerfinu hafi starfað að jafnaði um 3.000 manns. Fækkun um 1.500 starfsmenn frá 2005. Á sama tíma hefur starfsfólki FME fjölgað í 120 eða 1 starfsmann á hverja 25 starfsmenn á fjármálamarkaði. Ég endurtek: Árið 2005, 1 starfsmaður FME á hverja 128 starfsmenn í fjármálageiranum. Árið 2023:1 starfsmaður FME á hverja 25 í fjármálageiranum.

Og kostnaður við eftirlitið árið 2023 var hátt í 2.500 m.kr og hafði því aukist frá 2005 úr tæpum 10 m.kr í rúmar 20 m.kr á hvern starfsmann eftirlitsins.

Á mínum nær hálftrar aldar starfsferli í fjölbreyttum atvinnurekstri á ólíkum sviðum íslensks atvinnulífs; bókaútgáfu, sjávarútvegi, fjarskiptum og bankastarfsemi, hef ég því miður þurft að eyða mörgum stundum í skylmingum við eftirlitsstofnanir sem nálgast sín verkefni á sviði atvinnulífsins að mínu viti oft af of mikilli neikvæðni. Alþekkt eru fjölmörg slík mál bæði í sjávarútvegi og fjarskiptarekstri, en sannast sagna hef ég hvergi annars staðar en í bankarekstri kynnst starfsemi þar sem jafn margar starfsstundir og heilu deildirnar þurfa að sinna verkefnum gagnert til að koma til móts við kröfur eftirlitsiðnaðarins. Þetta starfsfólk er á sama tíma, eðlilega, ekki að sinna því grundvallarverkefni hvers atvinnurekstrar að þjóna þörfum viðskiptavina, eins og áður var nefnt.

Ég er *alls ekki* að hallmæla skýrum reglum, eftirliti og að tekið sé á því ef reglum er ekki fylgt. En, ég vil beina því til stjórnámálanna og löggjafans að ef halda á í þá orku, dugsemi og framkvæmdagleði sem ætíð hefur einkennt íslenskt atvinnulíf, sem oftast er ekki í samkeppni við mun stærri fyrirtæki á alþjóðamarkaði, þá þarf að endurskoða íþyngjandi lög og áhrif eftirlitsiðnaðarins á atvinnulífið. Svo ekki sé talað um sívaxandi kostnað tengdan þeim iðnaði. Útþennsla opinbers eftirlitsrekstrar krefst

fjármuna sem að stórum hluta væri betur varið á öðrum sviðum þjóðlífsins, þar sem víða er aðkallandi þörf þessa stundina.

Verðmætasköpun verður til hjá fyrirtækjum og þau verðmæti stuðla að hagsæld sem stendur undir grunnstoðum samfélagsins, það er því hverju samfélagi mikilvægt að efla starfsumhverfi atvinnulífsins fremur en að hamla framþróun þess.

Það veldur mér einnig áhyggjum að enn er ríkið stærsti gerandi á íslenskum fjármálamarkaði.

Þrátt fyrir að skref hafi verið tekin til að minnka eignarhlut stjórnvalda í fjármálafyrirtækjum þarf að ganga enn lengra því það er hvorki eðlileg né skynsamleg staða að íslenska ríkið eigi að fullu einn af þremur stærstu bönkum landsins og stóran hlut í öðrum. Það er mikilvægt fyrir þróun skilvirks fjármálamarkaðar að ríkið haldi áfram á þeirri braut að draga úr umsvifum sínum. Við það eykst tiltrú og fjárfesting erlendra fjárfesta sem gagnast öllum íslenska hlutabréfamarkaðnum.

Ég ítreka jafnframt þá skoðum mína að stjórnvöld þurfi að jafna samkeppnisstöðu innlendra banka gagnvart erlendum bönkum sem sækjast eftir viðskiptum íslenskra fyrirtækja. Erlendir samkeppnisaðilar íslenskra fjármálafyrirtækja búa við lægri skatta, lægri kröfur um eigið fé og minna íþyngjandi fjármálaeftirlit.

Traustur grunnur og skýr framtíðarsýn

Ágætu fundargestir, það er mín trú að við hjá Arion banka höfum byggt upp sterkar stoðir fyrir framtíðina með skýrri framtíðarsýn. Árangur undanfarinna ára myndar góðan grunn sem Arion banki mun nýta til að þjóna viðskiptavinum og mæta fjölbreyttum þörfum þeirra á sviði fjármála á komandi árum.

Að lokum vil ég þakka hluthöfum bankans fyrir traustið sem mér hefur verið sýnt síðasta áratuginn. Starfsfólki Arion og stjórn þakka ég árangursríkt samstarf, og síðast en ekki síst vil ég þakka Benedikti Gíslasyni, bankastjóra, einstaklega ánægjulegt og gefandi samstarf undanfarin ár.

Farnist ykkur öllum sem best á komandi árum.